

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. apríl 2024

Mál nr. E-3107/2019:

Penninn ehf.

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Einar Baldvin Axelsson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. mars 2024, var höfðað 12. júní 2019 af Pennanum ehf., Skeifunni 10, Reykjavík, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, til viðbótargreiðslu úr vátryggingum stefnanda hjá stefnda.

Stefnandi gerir þá dómkröfu endanlega að stefndi greiði honum 30.892.396 krónur með dráttarvöxtum frá 23. júlí 2015 til greiðsludags, og vísar í stefnu til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til stuðnings dráttarvaxtakröfu. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst þess aðallega að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda en til vara að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum gerir stefndi auk þess kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Í þinghaldi 19. nóvember 2019 var ákveðið að skipta sakarefni málsins, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991, áður en til frekari gagnaöflunar kæmi. Var mál þetta dæmt í héraði um varnir byggðar á fyrningu 31. mars 2020 á þann veg að krafa stefnanda væri fyrnd. Með dómi Landsréttar 1. október 2021 í máli réttarins nr. 256/2020 var á hinn bóginn viðurkennt að krafa sú, sem stefnandi kynni að eiga á hendur stefnda um bætur úr rekstrarstöðvunartryggingu stefnanda vegna tjóns sem varð 6. júlí 2014 vegna eldsvoða að Skeifunni 11, var ekki fallin niður fyrir fyrningu þegar mál þetta var höfðað. Sá dómur Landsréttar var staðfestur með dómi Hæstaréttar 27. apríl 2022 í máli réttarins nr. 51/2021. Var málið í kjölfarið endurupptekið hér fyrir dómi þann 10. maí 2022.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Mál þetta er sprottið af bruna nokkurra fasteigna í Skeifunni þann 6. júlí 2014, en stefnandi hafði eina þeirra fasteigna sem brann, Skeifuna 11, á leigu undir starfsemi Griffils, sem þar seldi ritföng og skólavörur og rak skiptibókmarkað fyrir notaðar skólabækur. Þessi fasteign var dæmd ónýt í kjölfar brunans.

Stefnandi var með lausafjártryggingu og rekstrarstöðvunartryggingu hjá stefnda þegar bruninn varð. Uppgjör lausafjártryggingar fór fram með því að stefndi greiddi stefnanda samkvæmt samkomulagi aðila samtals 86.791.446 krónur í bætur á grundvelli hennar. Málsaðilar deila um uppgjör á grundvelli rekstrarstöðvunartryggingarinnar og snýst mál þetta um þann ágreining.

Samkvæmt váttryggingarskírteini var váttryggingarstaður Skeifan 11 í Reykjavík, váttryggingarfjárhæð 135.827.000 krónur og ekki var um neina eigin áhættu að ræða. Samkvæmt váttryggingarskilmálum sem gilda um rekstrarstöðvunartryggingu stefnanda hjá stefnda og deilt er um uppgjör á, nr. ER20, bætir váttryggingin rekstrartap sem váttryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á váttryggingartímabilinu og leiðir til samdráttar í sölu vöru eða þjónustu váttryggðs af völdum bruna. Samkvæmt grein 13.1 í skilmálunum greiðir félagið bætur fyrir umsamið bótatímabil, sem hér var ákveðið 12 mánuðir, þó aldrei fyrir lengra tímabil en fyrirtækið er stöðvað að meira eða minna leyti. Samkvæmt grein 13.2 felst tjónið í mismun á reiknaðri framlegð eins og hún hefði orðið miðað við ótruflaðan rekstur annars vegar og hins vegar raunverulegri framlegð á bóta-tímabilinu. Samkvæmt grein 13.3 eru bætur greiddar fyrir raunverulegt tjón sem verður á því tímabili, að svo miklu leyti sem váttryggingin nær til og aðeins fyrir þann hluta af tjóninu sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem átt hefur sér stað. Þá segir í grein 13.4 í skilmálunum að sé ekki fyrirhugað að hefja starfsemi váttryggðs að nýju miðist bótafjárhæðin við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en umsamið bótatímabil, og miðast bætur við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað váttryggðs á þeim tíma. Auk þess er gert ráð fyrir greiðslum bóta vegna aukakostnaðar.

Aðilar fólu endurskoðendum sínum að áætla framlegð stefnanda á váttryggingar-tímabilinu í þeim tilgangi að ákvarða bætur til stefnanda á grundvelli skilmála tryggingarinnar. Taldi endurskoðandi stefnanda að töpuð framlegð fyrir tímabilið júlí 2014 til júní 2015 væri 128.640.125 krónur, en endurskoðandi stefnda taldi að hún væri 130.711.184 krónur og lágu þær niðurstöður fyrir í lok desember 2014. Þá lá einnig fyrir uppgjör vegna skólabókamarkaðar, sem stefnandi opnaði tímabundið til þess að takmarka tjón sitt, og er óumdeilt að draga beri vegna þess rekstrar 43.354.439 krónur frá reiknaðri framlegð. Aðilar voru ekki sammála um það hvort draga ætti frá kostnað sem sparaðist með því að vera ekki með rekstur á bótatímabilinu eða ekki. Stefndi taldi, með vísan til skilmála tryggingarinnar, að draga ætti slíkan kostnað frá þar sem bæturnar væru takmarkaðar við raunverulegt tjón stefnanda. Því var stefnandi ekki sammála og taldi að upplýsingar um rekstrarkostnað skiptu ekki máli þar sem bætur ætti að miða við tapaða framlegð, án frádráttar.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda kröfubréf 31. desember 2014 þar sem stefndi var krafinn um greiðslu bóta að fjárhæð 104.840.962 krónur. Bótakrafan var byggð á áætlun endurskoðanda stefnanda um áætlaða framlegð, 128.640.125 krónur, að frá-dreginni framlegð vegna sölu í Laugardalshöll frá ágúst til september 2014, 43.354.439 krónur, en auk þess var krafist greiðslu á 19.555.277 króna aukakostnaði. Í svarbréfi stefnda 12. janúar 2015 var, með vísan til þess að draga bæri frá tapaðri framlegð allan rekstrarkostnað sem stefnandi sparaði vegna brunans, óskað eftir því að stefnandi upplýsti um þennan rekstrarkostnað, en ekki væri hægt að ganga til uppgjörs fyrr en hann lægi fyrir. Í bréfi stefnanda þann 23. janúar 2015 var röksemdum stefnda mótmælt, stefnandi teldi að upplýsingar um rekstrarkostnað skiptu ekki máli þar sem bætur ætti að miða við tapaða framlegð, eins og hún væri sett fram í kröfubréfi hans frá 31. desember 2014, án frádráttar. Í bréfaskiptum aðila fram eftir árinu 2015 áréttuðu þeir óbreytta afstöðu sína til þessa. Þá veitti stefnandi stefnda í bréfi 19. maí 2015 upplýsingar um gjaldfærðan tölvukostnað og um launakostnað í ágúst 2014, sem verið hefði tæpar 9.000.000 króna, sem væri 2.800.000 krónur umfram rekstraráætlun, en stefnandi taldi þessa liði fela í sér viðbótarkostnað sem stefnda bæri að bæta. Stefndi sendi stefnanda þann 23. júlí 2015 útreikninga sína um ákvörðun bótafjárhæðar og samkvæmt þeim nam rekstrarstöðvunartjón stefnanda 23.502.457 krónum. Auk þess samþykkti stefndi að bæta stefnanda aukakostnað með 14.584.757 krónum og greiddi stefndi stefnanda þessar fjárhæðir. Stefndi hafnaði þessu bótauppgjöri með bréfi 27. ágúst 2015 og óskaði endurskoðunar þess. Með bréfi 5. október s.á. upplýsti stefndi að málið hefði verið tekið til skoðunar á ný og að fyrri afstaða félagsins stæði óbreytt.

Stefnandi höfðaði þann 23. febrúar 2016 dómsmál á hendur stefnda vegna þessa og fleiri atriða vegna sama brunatjóns. Undir rekstri málsins náðu aðilar sátt um önnur ágreiningsatriði en uppgjör úr rekstrarstöðvunartryggingunni. Var endanleg dómkrafa stefnanda vegna hennar 61.783.228 krónur, sem hann taldi vera tjón sitt af tapaðri framlegð af rekstri Griffils. Héraðsdómur sýknaði stefnda af kröfu stefnanda með dómi 13. október 2017, þar sem álykta yrði að endanleg krafa stefnanda í málinu samsvaraði áætluðum leigukostnaði og öðrum húsnæðistengdum kostnaði, á tímabilinu 6. júlí 2014 til og með 5. júlí 2015, sem hafði fallið niður við tjónið. Yrði fallist á kröfu stefnanda myndi það leiða til auðgunar hans, sem næmi fjárhæð þessa kostnaðar, sem draga bæri frá kröfu hans. Stefndi áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar Íslands. Þar lagði stefnandi fram gögn um að kostnaður vegna húsnæðis á bótatímabilinu hefði numið um 31.000.000 króna og því ætti að fallast á helming af dómkröfu hans. Hæstiréttur taldi að af öðrum gögnum málsins yrði ekki ráðið hvernig höfuðstólsfjárhæð kröfu hans væri fundin samkvæmt greinum 13.2 og 13.3 í váttryggingarskilmálunum. Stefndi hefði verið í lófa lagið að leggja fram viðhlítandi gögn um þetta efni, svo unnt yrði að ákveða raunverulegt tjón hans, en það hefði hann ekki gert og væri málið vanreifað að því leyti

til. Úr þessum annmarka yrði ekki bætt með því að dómstólar mætu stefnanda skaðabætur að álitum. Með dómi sínum 21. júní 2018, í máli nr. 747/2017, vísaði Hæstiréttur málinu því frá héraðsdómi vegna vanreifunar.

Með birtingu stefnu þessa máls þann 12. júní 2019 höfðaði stefnandi á ný mál út af sömu kröfu og byggir enn á því að reiknuð framlegð sé 128.640.125 krónur. Að teknu tilliti til raunverulegrar framlegðar vegna sölu í Laugardalshöll, 43.354.439 króna, og þegar greiddra bóta, 23.502.457 króna, sé ógreidd reiknuð framlegð 61.783.228 krónur. Frá þeirri fjárhæð eigi í samræmi við dóm Hæstaréttar að draga húsnæðiskostnað að fjárhæð 30.682.980 krónur og var stefnukrafan í þessu máli því upphaflega mismunurinn eða 31.100.248 krónur. Undir rekstri þessa máls aflaði stefnandi matsgerðar dómkvaddis matsmanns, dags. 30. apríl 2023. Var það niðurstaða matsins að húsnæðiskostnaðurinn væri réttilega metinn aðeins hærrí, eða 30.890.832 krónur. Stefnandi dregur þá fjárhæð frá þeim 61.783.228 krónum sem hann hafði í fyrra máli talið óbætt tjón og er endanleg dómkrafa hans í þessu máli því 30.892.396 krónur.

Stefndi telur að stefnandi hafi ekki enn lagt fram fullnægjandi gögn um allan rekstrarkostnað sem féll niður við váttryggingaratburðinn og sparaðist samkvæmt því við tjónið og telur að slíkan kostnað, einkum launakostnað, beri að draga frá dómkröfunni.

Við aðalmeðferð málsins staðfesti og skýrði Anna Kristín Traustadóttir, dómkvaddur matsmaður, matsgerð sína og svaraði spurningum varðandi matið.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður grundvöll málsins þann að hann hafi haft rekstrarstöðvunartryggingu hjá stefnda, en stefndi hafi ekki viljað greiða fullar bætur úr henni, þrátt fyrir skilmála hennar um að hún bæti tapaða framlegð vegna tjóns. Tjón stefnanda sé enn að verulegu leyti óbætt og því sé krafist frekari bóta úr tryggingunni.

Samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar (ER20) beri að bæta tjónið samkvæmt fyrirmælum þeirra. Í grein 11.1 komi skýrt fram að váttryggingarfjárhæð skuli nema áætlaðri framlegð váttryggðs á váttryggingartímabilinu. Með váttryggingarfjárhæð sé átt við fjárhæð, sem tilgreind sé í váttryggingarsamningi og hagsmunir séu að hámarki váttryggðir fyrir, sbr. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt grein 11.2 skuli hugtakið framlegð hafa þá þýðingu í skilmálunum að vera rekstrartekjur váttryggingartímabilsins að frádreginni vörunotkun, breytilegum launakostnaði, öðrum breytilegum kostnaði og birgðabreytingu fullunninna vara ef við á. Þessi skilgreining sé í samræmi við hefðbundnar skilgreiningar á hugtakinu framlegð, að framlegð sé ekki það sama og hagnaður. Í grein 11.5 sé tekið fram að við áætlun á framlegð, rekstrartekjum og breytilegum kostnaði sé byggt á ársreikningi síðasta rekstrarárs hins váttryggða eða árshlutauppgjöri og áætlun um breytingar á váttryggingartímabilinu. Við ákvörðun

vátryggingarfjárhæðar beri því að miða við framlegð eins og hún hefði orðið ef ekki hefði komið til tjónsatburðar.

Í grein 13.1 í skilmálum vátryggingarinnar segi að vátryggingafélagið greiði bætur í þann tíma sem fram komi í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, en þó aldrei fyrir lengra tímabil en fyrirtækið er stöðvað að meira eða minna leyti. Vátryggingartímabilið hafi verið 12 mánuðir frá tjónsatburði hinn 6. júlí 2014 að telja og eigi bóta-tímabilið að miðast við það. Rekstur Griffils hafi þá stöðvast og hafi ekki hafist aftur, að undanskildu stuttu tímabili þegar stefnandi hafi rekið skólamarkað í Laugardalshöll undir merkjum Griffils. Tillit hafi verið tekið til þess reksturs við útreikning á dómkröfu.

Samkvæmt grein 13.2 í skilmálum vátryggingarinnar skuli bótafjárhæð tryggingarinnar nema annars vegar mismun á reiknaðri framlegð eins og hún hefði orðið miðað við ótruflaðan rekstur og hins vegar raunverulegri framlegð. Reksturinn hafi algerlega stöðvast og hafi ekki hafist aftur. Mismunurinn á raunverulegri framlegð og reiknaðri sé því mismunurinn á annars vegar engri framlegð og hins vegar þeirri framlegð af rekstri Griffils sem ætla megi, samkvæmt mati endurskoðenda, að hefði orðið. Það sé nú krafa stefnanda, að frádregnum kostnaði sem fallið hafi niður við tjónið, sbr. niðurstöðu Hæstaréttar. Enginn vafi leiki á því að „raunverulegt tjón“, sem beri að bæta samkvæmt skilmálum tryggingarinnar, sé töpuð framlegð af rekstri Griffils, að frádregnum þeim kostnaði.

Stefndi hafi hafnað því á grundvelli meginreglna vátryggingaréttarins að miða við framlegðina af rekstrinum. Með því horfi stefndi fram hjá þeirri staðreynd að samningur var í gildi á milli aðila. Meginreglur vátryggingaréttarins skipti því ekki máli, enda geti þær ekki breytt því hvernig aðilar hafi samið um að tjón sem félli undir trygginguna skyldi gert upp. Skilmálar vátryggingarinnar verði ekki túlkaðir í andstöðu við skýrt orðalag þeirra með vísan til meginreglna vátryggingaréttarins. Um þetta gildi einfaldlega meginreglur samningaréttarins, m.a. andskýringarregla samningaréttarins, um að sá sem samið hafi skilmála einhliða beri hallann af óskýrleika þeirra og sé sá aðili sem staðið hafi nær að taka af vafa um óskýra skilmála. Stefndi telji í bréfum sínum að ákvæði laga um vátryggingarsamninga séu ófrávíkjanlegar reglur að meginstefnu, en það sé ekki rétt. Samkvæmt lögnum sé óheimilt að víkja frá I. og II. hluta þeirra leiði það til lakari stöðu þess sem öðlist kröfu á hendur félaginu samkvæmt vátryggingarsamningi. Heimilt sé að víkja frá ákvæðum laganna vátryggingartaka til hagsbóta og sé það áréttað í greinargerð með frumvarpi til laganna. Það veiti vátryggingartaka betri rétt að tryggja framlegð fremur en beinan hagnað af rekstri. Samningar um slíka vátryggingarskilmála séu því fyllilega lögmætir og vel þekktir. Tjón á rekstri stefnanda hafi verið altjón. Hann hafi talið að með tryggingunni yrði honum tryggð framlegð rekstursins ef hann stöðvaðist, enda hafi það verið markmið hans. Það kæmi sér illa fyrir stefnanda ef bæta ætti tjónið

með öðrum hætti af því að hann hafi ekki treyst sér til að endurreisa reksturinn, m.a. sökum kostnaðar.

Vísað sé til 4. gr. váttryggingarsamningalaga, um upplýsingar við töku váttryggingar. Váttryggingafélagið, eða sá sem kemur fram fyrir hönd þess, skuli veita nauðsynlegar upplýsingar til þess að váttryggingartaki geti metið tilboð þess. Sérstaklega skuli gera grein fyrir því hvort verulegar takmarkanir séu á gildissviði váttryggingarinnar eða þeirri vernd er hún veiti. Ætti að gera upp tjónið á grundvelli váttryggingarinnar með öðrum hætti en skilmálar hennar mæli skýrt fyrir um, þannig að munurinn hlypi á tugum milljóna króna, hlyti að hafa verið nauðsynlegt við töku váttryggingarinnar að félagið veitti upplýsingar um það, svo að váttryggingartaki gæti metið tilboð þess. Stefndi hafi engar upplýsingar veitt um að uppgjör tjóns myndi fara fram með öðrum hætti en skilmálarnir segi til um. Hann haldi því nú fram að gera eigi upp tjónið með öðrum hætti en skilmálar tryggingarinnar segi til um og beri því hallann af því að hafa brotið gegn þessu ákvæði.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi í sambærilegu máli talið að hallann af óljósu orðalagi váttryggingar yrði váttryggingafélagið að bera í samræmi við anda laganna um váttryggingarsamninga, sem og andskýringarregluna, sem væri vel þekkt í váttryggingarsamningarétti. Þau sjónarmið eigi hér við að stefnda hefði verið í lófa lagið að taka það fram ef markmið tryggingarinnar væri að gera upp tjón með öðrum hætti en skilmálar hennar segi skýrt til um. Það sé gert í öðrum skilmálum stefnda um rekstrarstöðvunartryggingar, sbr. skilmála váttryggingar ER25 fyrir kúabú, en ekki í skilmálum ER20, sem gildi í þessu máli. Í samræmi við andskýringarregluna, sem hafi mikið vægi í váttryggingaréttinum, beri stefndi hallann af því ef skilmálar hans eru ekki skýrir. Afstaða stefnda sé beinlínis í andstöðu við orðalag skilmálanna og sé sú niðurstaða ótæk fyrir váttryggingartaka.

Váttryggingarfjárhæð váttryggingarskírteinisins hafi verið um 130.000.000 króna, en sú fjárhæð sé í engu samræmi við hagnað af starfseminni á einu ári. Fjárhæðin í váttryggingarskírteininu sé vísbending um það að hún hafi átt að tryggja framlegð rekstursins en ekki hagnað af rekstrinum. Í bréfi stefnda sé vitnað til frumvarps til laga um váttryggingarsamninga, þar sem fram komi að sú meginregla gildi eftir sem áður að skaðatryggingar eigi ekki að bæta meira en raunverulegt tjón hins váttryggða. Krafa stefnanda sé ekki um annað en raunverulegt tjón hans, sem sé töpuð framlegð af rekstrar-einingunni Griffill, en hugtakið sé ekki skilgreint í lögum.

Í 39. gr. eldri laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 hafi komið fram að þótt samið hefði verið á annan veg væri váttryggingafélagi óskýlt að greiða hærri bætur en með þyrfti til þess að bæta tjón það sem orðið hefði, en þetta ákvæði hafi ekki verið tekið upp í gildandi lög um váttryggingarsamninga. Í greinargerð með frumvarpi til laganna hafi skýringin verið sú að í framkvæmd hefðu váttryggingafélög í skilmálum sínum samið

um að bæta tjón á tilteknum munum umfram raunverulegt verðmæti þeirra. Þætti því ekki rétt að halda sem sérstakri grein hinni fortakslausu reglu 39. gr. eldri laga.

Vátryggingafélögum sé því heimilt að semja hvernig sem er, vátryggingartaka til hagsbóta, en krafa stefnanda sé þó ekki umfram raunverulegt tjón hans. Gild rök séu fyrir því að bæta fremur framlegð en beinan hagnað þegar rekstur stöðvast. Hið vátryggða sé fyrst og fremst tekjumöguleikar reksturs að frádregnum breytilegum kostnaði við að skapa tekjurnar. Samkvæmt 35. gr. laga um vátryggingarsamninga, um útreikning bóta og vátryggingarverðmæti, eigi vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt sé ekki um annað samið í vátryggingarsamningi. Stefnandi hafi orðið fyrir alþjóni á rekstri sínum, sem ekki verði endurreistur. Rekstrarstöðvunartrygging bæti framlegðartap sem vátryggður verði fyrir. Stefnandi fái ekki fullar bætur nema hann fái að fullu bættu tapaða framlegð sína af rekstrareiningu Griffils. Uppgjör með öðrum hætti feli í sér að stefnandi fái ekki fullar bætur fyrir sitt fjártjón.

Dómkrafan byggist á því að stefnandi eigi rétt á því að frá bættu tapaða framlegð af rekstri Griffils á bótatímabilinu, frá 6. júlí 2014 og í 12 mánuði þar á eftir, þó að frádregnum kostnaði sem fallið hafi niður við tjónið, sbr. niðurstöðu dómstóla í fyrra máli. Þá framlegð verði eðli máls samkvæmt að áætla og það hafi endurskoðendur aðila gert í samstarfi og byggt áætlun sína á rekstrinum fram að tjónsatburði. Í fyrra dómsmáli hafi aðilar þó ekki deilt um fjárhæðir, aðeins bótaskyldu, og hafi stefndi ekki byggt á því að fjárhæðir í stefnu væru rangar. Í þessu máli sé byggt á sömu fjárhæðum.

Fyrsta atriðið í því hvernig stefnufjárhæðin sé fundin út sé hver hafi verið töpuð og óbætt framlegð stefnanda. Endurskoðandi hafi reiknað tjón stefnanda vegna brunans á 12 mánaða bótatímabilinu. Um þá fjárhæð hafi ekki verið deilt tölulega og sé hún, að teknu tilliti til aukakostnaðar sem stefnandi hafi lagt í vegna uppsetningar á verslun Griffils í Laugardalshöll haustið 2014 og fengið að mestu fengið bættan frá stefnda, 104.840.962 krónur. Hagnað beri að draga frá heildartapinu og þá fái fjárhæðin 85.285.686 krónur. Sama fjárhæð fái einnig með því t.d. að leggja saman tvær tölur í mati á tapaðri framlegð fyrir annars vegar tímabilið júlí – nóvember 2014 (32.917.818 krónur) og hins vegar tímabilið desember 2014 – júní 2015 (52.367.868 krónur). Engu breyti hvor leiðin sé farin. Frá þessari fjárhæð, 85.285.686 krónum, sé dregin sú fjárhæð sem stefndi hafi greitt stefnanda sem fullnaðarbætur að mati stefnda, 23.502.457 krónur. Niðurstaðan sé 61.783.228 krónur, sem sé töpuð framlegð stefnanda á bótatímabilinu vegna bruna verslunar Griffils. Þá fjárhæð hafi stefnandi viljað fá bættu í fyrra dómsmáli. Í útreikningum endurskoðendanna sé tekið mið af hugtakinu „kostnaðarverð seldra vara“ til frádráttar vörusölu, þ.e.a.s. vörunotkun. Annað, svo sem breytilegur launakostnaður, eigi ekki við um rekstur Griffils, en stefnandi hafi haldið áfram að greiða starfsmönnum sínum laun eftir tjónið, og hafi sá kostnaður ekki fallið niður.

Ein meginröksemd stefnda fyrir höfnun frekari bóta í fyrra máli hafi verið sú að stefnandi hefði sparað sér ýmsan kostnað sem fallið hefði niður við brunann, svo sem húsaleigu og annan rekstur húsnæðisins sem brann. Hafi hann byggt á því að sá kostnaður, sem sé fastur kostnaður, yrði að breytilegum kostnaði við tjón og ætti þar með að dragast frá samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Því hafi stefnandi mótmælt, en dómstólar hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort fastur kostnaður verði við tjónsatburð að breytilegum kostnaði. Dómstólar hafi talið að frá váttryggingarbótum ætti að draga þann kostnað sem félli niður við tjón og sparaðist. Til þessa sé tekið tillit í dómkröfu.

Þau gögn sem stefnandi hafi um það hvaða kostnaður hafi fallið niður við tjónið séu reikningar úr fjárhagsbókhaldi hans frá því fyrir tjón sem bókfærðir hafi verið þar á rekstrareininguna Griffil sem húsaleiga og rekstrarkostnaður. Þessir reikningar séu þeir síðustu sem borist hafi stefnanda fyrir tjónið og hafi slíkir reikningar ekki borist eftir tjón. Samkvæmt þeim hafi mánaðarlegur rekstrarkostnaður húsnæðisins að Skeifunni 11, sem hýst hafi rekstur Griffils, verið samtals 2.556.915 krónur, eða 30.682.980 krónur á 12 mánaða tímabili. Fjárhæðir til frádráttar séu án virðisaukaskatts, þá 25,5%, enda hefði stefnandi fengið virðisaukaskattinn af þessum kostnaði endurgreiddan.

Bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur Íslands hafi talið rétt að draga frá dómkröfu stefnanda um áætlaða framlegð kostnað sem sparaðist vegna reksturs húsnæðis stefnanda, þótt um fastan kostnað væri að ræða. Áætluð framlegð stefnanda, byggð á raungögnum og yfirfarin af endurskoðendum stefnanda og stefnda, hafi verið 61.783.228 krónur. Dómkrafa stefnanda sé sú fjárhæð, að frádragnum þeim kostnaði sem sparaðist við tjónið. Stefnandi skilji ekki útreikninga og rökstuðning stefnda um það hvernig bæta eigi tjón vegna tapaðrar framlegðar á grundvelli váttryggingarinnar. Stefndi hafi engin gögn lagt fram með þeim útreikningum og óljóst sé hvort tölur hans byggist á gögnum samkvæmt grein 11.5 í skilmálunum, ársreikningi síðasta rekstrarárs eða einhverju öðru. Stefnandi hafi hafnað þessum útreikningum stefnda, en samkvæmt þeim sé þó gert ráð fyrir umtalsverðri framlegð af rekstrinum, sem stefndi telji að eigi að lækka með óútskýrðum og órökstuddum kostnaði.

Stefnandi krefjist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 23. júlí 2015, þegar uppgjör stefnda hafi borist og miðað sé við að fjárhæðin hafi þá fallið í gjalddaga. Stefnandi vísi til 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu og III. kafla laganna almennt. Vísað sé til laga um váttryggingarsamninga, laga um meðferð einkamála, almennra reglna váttryggingaréttarins, kröfuréttarins og samningaréttar. Um varnarþing sé vísað til 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991 og um málskostnað til 129. gr., sbr. 130. gr., sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Í greinargerð byggði stefndi sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að krafan væri fallin niður fyrir fyrningu, en með endanlegum dómi Hæstaréttar 27. apríl 2022 í máli réttarins nr. 51/2021 var þeim vörnum hrundið. Stefndi mótmælir og hafnar öllum kröfum, málsástæðum og lagarökum stefnanda og styður sýknukröfu nú í fyrsta lagi því að ákvarða eigi bætur eftir grein 13.4 í váttryggingarskilmálum nr. ER20.

Þar segi að sé ekki fyrirhugað að hefja starfsemi váttryggðs að nýju miðist bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt megi telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en umsamið bótatímabil. Bætur á þessu tímabili miðist við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað váttryggðs. Fyrir liggir að stefnandi hafi aldrei hafið rekstur Griffils að nýju og engin gögn hafa verið lögð fram eða það sannað með öðrum hætti að ætlunin hafi verið að hefja starfsemi Griffils aftur. Með því séu skilyrði fyrir því að ákvarða bætur eftir grein 13.4 í nefndum skilmálum.

Stefnandi hafi ekki lagt fram gögn um það hver hafi verið óhjákvæmilegur, sannanlegur kostnaður hans á váttryggingartímabilinu eða á öðru styttra tímabili sem gera megi ráð fyrir að hafi þurft til að hefja rekstur á ný. Stefndi hafi þegar greitt stefnanda 23.502.457 krónur í bætur og með því sé tjónið að fullu bætt. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að óhjákvæmilegur, sannanlegur kostnaður hans hafi verið meiri. Tjón stefnanda sé því ósannað, sem leiði til þess að sýkna verði stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Í annan stað byggist sýknukrafan á því að ákvarða eigi bætur eftir grein 13.2, sbr. grein 13.3, í váttryggingarskilmálum, nr. ER20, og almennum reglum váttryggingaréttar, einkum 35. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 747/2017 beri að skýra grein 13.2 í váttryggingarskilmálum stefnda til samræmis við grein 13.3 og þá þannig að til lækkunar reiknuðum bótum samkvæmt grein 13.2 komi rekstrarkostnaður, eins og húsaleigukostnaður, sem féll niður við váttryggingaratburðinn og sparaðist samkvæmt því við tjónið. Samkvæmt því beri stefnda aðeins að bæta stefnanda raunverulegt tjón hans, enda eigi stefnandi ekki að hagnast á tjónsatburðinum og honum beri að haga kröfugerð sinni í samræmi við það.

Í nefndum dómi Hæstaréttar segi að stefnanda hafi verið í lófa lagið að leggja fram viðhlítandi gögn um þetta efni svo unnt yrði að ákveða raunverulegt tjón hans. Af því verði ekki annað ráðið en að sönnunarbyrðin fyrir raunverulegu tjóni stefnanda hvíli á honum. Ekki verði séð að stefnandi hafi bætt úr þeim annmarka á kröfugerð sinni sem Hæstiréttur hafi talið að væri á henni í þessu máli.

Í stefnu sé byggt á því að einu gögn sem stefnandi geti lagt fram um hvaða kostnaður það hafi verið sem féll niður við tjónið séu reikningar úr fjárhagsbókhaldi stefnanda frá því fyrir tjón, sem bókfærðir hafi verið í fjárhagsbókhaldi stefnanda sem húsaleiga og rekstrarkostnaður. Þessi kostnaður sé talinn vera samtals 2.556.915 krónur á mánuði sé

miðað við síðasta mánuðinn fyrir brunann. Þessir reikningar hafi ekki verið lagðir fram í málinu eða þessi kostnaður sannaður með öðrum hætti. Dómkrafa stefnanda sé því ósönnuð, sem leiði til þess að sýkna verði stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Sé hins vegar lagt til grundvallar að þessi húsnæðis- og rekstrarkostnaður hafi verið 2.556.915 krónur á mánuði og því samtals 30.682.980 krónur á bótatímabilinu, sé hér aðeins um húsnæðiskostnað að ræða. Samkvæmt dómi Hæstaréttar beri að draga allan rekstrarkostnað sem sparast við váttryggingaratburðinn frá reiknuðum bótum í þeim tilgangi að finna út hvert raunverulegt tjón stefnanda sé, ekki aðeins húsnæðiskostnað. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt sé rekstrarkostnaður skilgreindur sem þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Með hliðsjón af reglugerð nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sé ljóst að hér undir falli ýmis kostnaður, t.d. húsnæðiskostnaður, launakostnaður, viðhaldskostnaður eigna, vaxta-/fjármagnskostnaður og ýmis annar kostnaður sem tengist atvinnurekstrinum. Þessa skilgreiningu megi hafa til hliðsjónar við skýringu á því hvað sé rekstrarkostnaður í framangreindum skilningi.

Stefnandi hafi nú upplýst að húsnæðiskostnaður Griffils sem féll niður við tjónið á bótatímabilinu sé 30.890.832 krónur, en hann hafi hins vegar ekki upplýst og sannað hvaða launakostnaður, viðhaldskostnaður, vaxta-/fjármagnskostnaður og ýmis annar kostnaður til að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við hafi fallið niður við váttryggingaratburðinn á sama tímabili. Svo sem fram komi í dómi Hæstaréttar sé stefnanda í lófa lagið að leggja fram viðhlítandi gögn um þetta efni svo unnt sé að ákveða raunverulegt tjón hans. Einhverra hluta vegna hafi stefnandi kosið að gera það ekki, sem leiði til þess að tjón stefnanda sé ósannað. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Með framangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 747/2017 sé því hafnað að meta stefnanda skaðabætur að álitum. Stefnanda beri því að sanna með almennum sönnunarreglum hvaða rekstrarkostnaður hafi sparast við váttryggingaratburðinn. Sé einhver vafi um það verði stefnandi að bera hallann af því.

Varakrafa um verulega lækkun stefnukröfunnar byggist í fyrsta lagi á því að hana beri að lækka um 10.534.326 krónur. Þá fjárhæð hafi stefndi greitt stefnanda umfram skyldu úr lausafjártryggingu, með greiðslu á 86.791.446 krónum í bætur, en miða hafi átt við uppreiknaða váttryggingarfjárhæð, 76.582.570 krónur, og uppreiknaða eigin áhættu, 325.450 krónur, til frádráttar. Stefndi eigi því endurkröfu á hendur stefnanda sem nemi þeirri fjárhæð. Skilyrði til skuldajafnaðar séu uppfyllt, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, verði tekin til greina í heild eða að hluta krafa stefnda um bætur úr rekstrarstöðvunartryggingunni.

Til lækkunar á stefnukröfu beri í öðru lagi að draga frá henni allan rekstrarkostnað sem féll niður við váttryggingaratburðinn, verði fallist á kröfuna í heild eða að hluta, fari svo að stefnandi leggi fram ótvíræð og fullnægjandi sönnunargögn um slíkan kostnað. Í

Því sambandi vísist til framangreindrar skilgreiningar laga á rekstrarkostnaði, sem beri með sér að hér sé ekki aðeins átt við húsnæðiskostnað heldur allan kostnað sem greiða þurfi til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.

Stefndi vísi einkum til almennra reglna váttryggingaréttar, laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, auk laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, eftir því sem við eigi, og byggist krafa stefnda um málskostnað á 129. og 130. gr. þeirra laga.

Niðurstaða

Málsatvikum er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram. Eftir endurupptöku málsins í héraði er aðeins deilt um fjárhæð bótanna sem stefnda ber að greiða stefnanda á grundvelli rekstrarstöðvunartryggingar vegna brunatjóns.

Í skilmálum nr. ER20 sem gilda um trygginguna eru reglur um hvernig finna skuli váttryggingarfjárhæð eða váttryggingarverðmætið í grein 11. Ekki er um það ágreiningur að miða áætlaða framlegð við fjárhæðina 128.640.125 krónur, svo sem byggt er á í kröfugerð stefnanda. Ágreiningur er um bótafjárhæðina, en fyrirmæli eru í grein 13 í skilmálunum um það hvernig finna eigi hana. Samkvæmt grein 13.2 á að reikna bætur sem mismun á reiknaðri og raunverulegri framlegð, sem óumdeilt er að verið hafi 43.354.439 krónur vegna sölu í Laugardalshöll, og er því mismunurinn 85.285.686 krónur. Samkvæmt grein 13.3 í skilmálunum eru bætur aðeins greiddar fyrir það raunverulega tjón sem orðið hefur á bótatímabilinu að svo miklu leyti sem váttryggingin nær til og aðeins fyrir þann hluta af tjóninu sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem átt hefur sér stað.

Með hliðsjón af þessu og áætluðum kostnaði sem sparast hefði við stöðvun á rekstrinum, þar á meðal vegna húsnæðis og launa, reiknaðist stefnda svo til að raunverulegt tjón stefnanda hefði verið 23.502.457 krónur og hefur stefndi greitt stefnanda þá fjárhæð, auk samþykks aukalegs kostnaðar að fjárhæð 14.584.757 krónur, sem fullar bætur fyrir tjónið. Stefndi reiknaði bótafjárhæðina út á grundvelli greina 13.2 og 13.3 og greiddi stefnanda út eftir að ljóst var orðið að rekstur hófst ekki að nýju á bótatímabilinu. Þá málsástæðu stefnda, að þar sem rekstur hófst ekki að nýju skuli bótafjárhæð miðast við óhjákvæmilegan sannanlegan kostnað sem stefnandi sýni fram á að hann hafi haft samkvæmt grein 13.4 í skilmálum ER20, verður að skilja svo að stefndi telji þó að bætur vegna tjónsins yrðu aldrei lægri en þær sem þegar hafa verið greiddar.

Stefnandi byggir á því að reiknuð framlegð sé 128.640.125 krónur og að teknu tilliti til raunverulegrar framlegðar, að fjárhæð 43.354.439 krónur, og þegar greiddum bótum, að fjárhæð 23.502.457 krónur, sé ógreidd reiknuð framlegð 61.783.228 krónur. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar 21. júní 2018, í máli nr. 747/2017, fellst stefnandi á að draga beri frá þeirri fjárhæð húsnæðiskostnað, sem samkvæmt matsgerð sem hann hefur

aflað er að fjárhæð 30.890.832 krónur, en óbætt tjón sitt telur stefnandi enn vera 30.892.396 krónur, sem er endanlegur höfuðstóll dómkröfu hans í málinu.

Stefnandi heldur því fram að hann fái ekki fullar bætur nema hann fái að fullu bættu tapaða framlegð sína af rekstrareiningu Griffils. Vátryggingafélögum sé heimilt að semja hvernig sem er, vátryggingartaka til hagsbóta, og óskýrleika í skilmálum félagsins beri að túlka tjónþola í hag. Telur stefnandi fjárhæð í vátryggingarskírteini benda til þess að hún hafi átt að tryggja framlegð rekstursins en ekki hagnað af rekstrinum.

Í vátryggingarskírteini er vátryggingarfjárhæðin 135.827.000 krónur, en það er hámarksfjárhæð sem ekki þarf að svara til vátryggingarverðmætis, nema um það sé samið sérstaklega. Í fyrri dómi Hæstaréttar um ágreining aðila, í málinu nr. 747/2017, er tekið fram að vátryggingarfjárhæð tryggingarinnar sem stefnandi tók hjá stefnda hafi hvorki verið fyrir fram ákveðin sem föst krónutala né samkvæmt föstu viðmiði óháð frádrætti. Því hafi ekki verið um að ræða fyrir fram umsamdar meðalhófsbætur fyrir það tjón sem vátryggður yrði fyrir við það að rekstur hans stöðvaðist vegna þeirra atvika sem féllu undir bótasvið vátryggingarinnar. Með hliðsjón af því er hafnað málsástæðum stefnanda sem lúta að því að stefndi hafi samið sérstaklega um það við stefnanda að bótafjárhæð gæti orðið hærri en raunverulegt tjón, sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem orðið hafi, sbr. grein 13.3 í umsömdum skilmálum aðila.

Fram kemur og í sama dómi Hæstaréttar að grein 13.2 í vátryggingarskilmálunum beri að skýra til samræmis við grein 13.3 og þá þannig að til lækkunar á reiknuðum bótum komi rekstrarkostnaður sem féll niður við vátryggingaratburðinn og sparaðist samkvæmt því við tjónið. Einnig segir að þetta leiði og af 35. gr. laga nr. 30/2004, en það ákvæði hefur verið skýrt með þeim hætti að vátryggður eigi að fá fullar bætur fyrir tjón sitt en ekki meira. Að virtum þessum forsendum dómsins verður ekki fallist á það með stefnanda að vafi þurfi að leika á því hvernig skilja beri skilmálana vegna óskýrleika. Niðurstaða Hæstaréttar um að vísa málinu frá héraðsdómi vegna vanreifunar var á því byggð að ekki verði ráðið hvernig höfuðstólsfjárhæð kröfu stefnanda væri fundin samkvæmt greinum 13.2 og 13.3, en honum hefði verið í lófa lagið að leggja fram viðhlítandi gögn um þetta efni svo unnt yrði að ákveða raunverulegt tjón hans.

Stefnandi hefur sem fyrr segir, í samræmi við athugasemdir Hæstaréttar, fallist í máli þessu á að draga beri frá reiknaðri framlegð húsnæðiskostnað sem hann hefur látið meta. Í matgerð Önnu Kristínar Traustadóttur endurskoðanda, dags. 30. apríl 2023, er sá kostnaður metinn 30.890.832 krónur. Þeirri niðurstöðu hefur ekki verið hnekkt með yfirmati eða með öðrum hætti og hefur stefnandi dregið þá fjárhæð frá kröfunni sem hann hafði uppi í fyrra dómsmálinu. Í matsbeiðni var jafnframt spurt um það hvort annar rekstrarkostnaður, en sá fasti kostnaður, við rekstur verslunar Griffils í Skeifunni hafi fallið niður og sparast vegna bruna fasteignarinnar í júlí 2014 frá tjónsdegi og í 12 mánuði þar á eftir. Þeirri spurningu svaraði matsmaðurinn svo að eftir yfirferð á öðrum gjöldum

ársins 2014 teldi hún að ekki væri um það að ræða að annar rekstrarkostnaður en um ræddi í spurningu 1 hefði fallið niður í kjölfar brunans 6. júlí 2014.

Í forsendum matsgerðar tekur matsmaður fram að í reglugerð nr. 696/2019, sem stoð eigi í lögum um ársreikninga, séu gjöld flokkuð í fjóra flokka og þar séu laun og launatengd gjöld í flokki nr. 2 og önnur rekstrargjöld í flokki nr. 3. Af því dregur matsmaður þá ályktun að laun og launatengd gjöld eigi ekki heima undir liðnum annar rekstrarkostnaður og því nái matsspurningarnar ekki til þess kostnaðar. Því sé ekki tekin afstaða til þess kostnaðar í mati á öðrum rekstrarkostnaði sem fallið hafi niður vegna rekstrarstöðvunarinnar. Matsmaður kom fyrir dóm og staðfesti matsgerð sína og framan- greindar forsendur fyrir því að ekki var lagt mat á fjárhæð launa og launatengdra gjalda sem sparast hefðu á bótatímabilinu eftir brunann. Hún kvaðst engin gögn hafa fengið um launakostnað og ekki hafa kallað eftir slíkum upplýsingum þar sem hún hefði ekki talið að í matsbeiðni væri óskað eftir mati á launakostnaði sem sparast hefði.

Samkvæmt gögnum málsins tók stefndi við útreikning sinn við uppgjör á bóta- fjárhæð m.a. mið af því að sparast hefði launakostnaður á bótatímabilinu eftir brunann og telur stefndi að draga beri þann sparnað frá bótum. Stefnandi heldur því fram að annar sparnaður en húsnæðiskostnaður, svo sem launakostnaður, eigi ekki við um rekstur Griffils. Stefnandi hafi haldið áfram að greiða starfsmönnum sínum laun eftir tjónið og sá kostnaður hafi því ekki fallið niður.

Stefndi lagði fram áskorun í þinghaldi 26. september 2023 þar sem skorað var á stefnanda að leggja fram upplýsingar úr bókhaldi sínu um allan launakostnað Griffils fyrir júní 2014 og áætlaðan kostnað fyrir júlí og ágúst sama ár samkvæmt samþykkttri rekstraráætlun. Vísaði stefndi til þess að getið væri um slíkar upplýsingar í bréfi stefn- anda til sín, dags. 19. maí 2015, sem er meðal málgagna. Af þeim upplýsingum mætti ráða að launakostnaður stefnanda sem sparaðist við tjónið hefði verið 74.400.000 krónur á 12 mánaða bótatímabilinu.

Stefnandi brást við þeirri áskorun þann 5. október 2023 með því að leggja fram bókun þar sem því er mótmælt að launakostnaður hafi fallið niður og sparast við tjónið og lagði jafnframt fram ársreikning stefnanda, Pennans ehf., fyrir tímabilið 1. mars 2014 – 28. febrúar 2015. Í ársreikningi kemur fram að launakostnaður félagsins það rekstrarár hafi verið 1.096.618.048 krónur og að stöðugildi hafi á árinu verið að meðaltali 210, en hefðu verið 205 árið á undan. Í ársreikningnum er þess getið að ein af verslunum félagsins þar sem Griffill hafi verið til húsa hafi brunnið í júlí 2014 og að félagið leiti að hentugu húsnæði fyrir reksturinn. Ekki er þess getið hversu margir starfsmenn hafi starfað í þeirri verslun eða hvaða verkefni þeim hafi verið fengin eftir brunann. Stefnandi heldur því fram að engum starfsmanni hafi verið sagt upp. Ætla má, með hliðsjón af umsvifum stefnanda og venjulegri starfsmannaveltu í rekstri, að einfalt hefði verið að nýta á öðrum starfsstöðvum sem stefnandi rekur starfskrafta þeirra sem ekki voru lengur við störf í

verslun Griffils í Skeifunni 11. Þar var fasteignin sem brann og nefnd er í váttryggingarskírteini, og laun voru ekki greidd fyrir vinnu við rekstur þar eftir brunann. Fallist er á það með stefnda að um sé að ræða sparnað í launakostnaði, sem annars hefði hlotist af ótrufluðum rekstri Griffils, og skiptir í því sambandi ekki máli hvort starfsfólki hafi í raun verið sagt upp störfum eða því verið falin önnur störf hjá stefnanda.

Stefnanda ber að færa sönnur á tjón sitt og stefndi skoraði á hann að leggja fram gögn um launakostnað Griffils, svo að unnt væri að ákveða raunverulegt tjón hans. Það hefur stefnandi ekki gert að öðru leyti en því sem fram kemur í bréfi hans til stefnda 19. maí 2015. Í bréfinu kemur fram að launakostnaður í ágúst 2014 hafi verið tæpar 9.000.000 króna, sem væri 2.800.000 krónur umfram samþykkt rekstraráætlun. Bendir þetta til þess að samþykkt rekstraráætlun, sem stefnandi leggur ekki fram þrátt fyrir áskorun, hafi gert ráð fyrir allt að 6.200.000 krónum í launakostnað á mánuði. Í ákvæðum 2. mgr. 67. gr. og 1. mgr. 68. gr. laga nr. 91/1991 felst að dómari getur skýrt það að aðili verður ekki við áskorun um að leggja fram skjal sem hann hefur í vörslum sínum með þeim hætti að sá aðili samþykki frásögn áskoranda um efni skjalsins. Þetta á hér við um fjárhæð þess launakostnaðar sem sparaðist og telst stefnandi því samþykkja frásögn stefnda um hana.

Að þessu virtu verður lagt til grundvallar, í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í fyrnefndu bréfi stefnanda til stefnda, að launakostnaður samkvæmt samþykktri rekstraráætlun stefnanda sem þá sparaðist við tjónið hafi verið 6.200.000 krónur á mánuði, sem jafngildir 74.400.000 krónum á 12 mánuðum. Þann launakostnað sem sparaðist á bótatímabilinu ber að draga frá reiknaðri framlegð við ákvörðun bótafjárhæðar fyrir raunverulegt tjón stefnanda. Sá sparnaður er mun hærri fjárhæð en endanleg dómkrafa stefnanda jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir slíkum sparnaði á meðan skólabókamarkaður var rekinn undir merkjum Griffils í ágúst og fram í september 2014. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda.

Þarf í ljósi framangreinds ekki að taka afstöðu til gagnkröfu stefnda vegna ofgreiddra bóta á grundvelli lausafjártryggingar.

Báðir aðilar málsins krefjast málskostnaðar úr hendi hins að mati dómsins. Við rekstur þessa máls hefur stefnanda áður verið í héraðsdómi gert að greiða stefnda 400.000 krónur í málskostnað, en með dómum Landsréttar og Hæstaréttar í málinu hefur stefnda verið gert að greiða stefnanda samtals 2.600.000 krónur í málskostnað. Með hliðsjón af úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að gera stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem hæfilegur er ákveðinn 2.500.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., er sýknaður af dómkröfum stefnanda, Pennans ehf.
Stefnandi greiði stefnda 2.500.000 krónur í málskostnað.

Kristrún Kristinsdóttir